



Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti
Skuggasundi 1
101 Reykjavík
urn@urn.is

Sent á Samráðsgátt

Reykjavík, 20. desember 2024

Efni: Umsögn SI um drög að frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna einföldunar og samræmingar leyfisferla á sviði umhverfis- og orkumála

I. Almenn

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „**samtökin**“) vísa til máls nr. 232/2024, á samráðsgátt Stjórnarráðsins, þar sem kynnt eru til umsagnar drög að frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna einföldunar og samræmingar leyfisferla á sviði umhverfis- og orkumála.

Í kynningu um málið kemur fram að frumvarpsdrögin eru hluti af átaksverkefni í leyfisveitingum og miða að því að einfalda, samræma og stytta afgreiðslutíma leyfisumsókna í umhverfis- og orkumálum og tryggja um leið gæði og gagnsæi. Verkefnið var sett af stað af umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra í kjölfar vinnu við sameiningar stofnana á málefnasviði ráðuneytisins. Verkefnið snýst um skilvirkari leyfisveitingar í umhverfis- og orkumálum, endurskoðun regluverksins snýst um endurhönnun ferla, stafrænar lausnir og breytingar á verklagi.

Almennt styðja SI framkomnar tillögur sem eitt skref í þeirri vegferð að koma á skilvirkari leyfisveitingum í umhverfis- og orkumálum, endurskoðun regluverksins og breytingum á verklagi svo dæmi séu tekin. Eftir sem áður óskað SI eftir að koma á framfæri eftirfarandi ábendingum er viðkemur fyrirbyggjandi frumvarpsdrögum.

II. Athugasemdir við einstök ákvæði

Fyrir það fyrsta gera SI athugasemdir hvað varðar ákvæði **9. gr.** frumvarpsdraganna, þar sem eru lagðar til breytingar á 12. gr. a. raforkulaga, nr. 65/2003. Í a-lið er lögð til ný 1. mgr. þessa ákvæðis og er sú breyting m.a. tilkomin vegna dóms Hæstaréttar í máli nr. 2/2024 þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að Landsneti er óheimilt að taka gjald af virkjunum fyrir þjónustu sem flutningsfyrirtækinu er skylt að veita þeim. SI gera ekki athugasemdir við markmið þessara breytinga en telja þó að ákvæðið í núverandi mynd kalli á frekari skýringar og/eða skýrari útfærslu.

Í þessu samhengi vísast hér til næstsíðasta málsliðs í a-lið ákvæðisins þar sem segir eftirfarandi: „*Sama gjaldskrá skal vera fyrir innmötun virkjana á flutningskerfið*“. SI telja ekki með fullu ljóst hvað felst í þeirri tilvísun að teknu tilliti til víðara samhengis innan



þessara málsgreinar. Þannig er fyrr í ákvæðinu, þ.m.t. 2. málslíð, vísað til þess að gjaldskrá skuli gilda annars vegar fyrir flutning raforku til dreifiveitna og hins vegar fyrir flutning raforku til stórnotenda. Því er hætta á misskilningi eða -túlkun hvort um er að ræða sömu gjaldskrá, tvískipta eða sitt hvora og hvernig þessi aðgreining samræmist þá áðurnefndu skilyrði um að *sama gjaldskrá skuli vera fyrir innmötun virkjana á flutningskerfið*.

Í ljósi þess að boðuðum breytingum er ætlað að eyða þeirri óvissu sem uppi er í kjölfar dóms Hæstaréttar um ólögmæti innmötunargjalds þá er mikilvægt að skýrleiki þessara breytinga sé ótvíræður. SI telja því mikilvægt að í ákvæðinu sjálfu eða skýringum við það sé nánar gerð grein fyrir þeim breytingum sem hér eru lagðar til sem og greint sé með skýrum hætti á um inntak umræddrar gjaldskrár, og þá um leið umfjöllun um uppbyggingu gjaldskrárinnar eða aðgreiningu hennar með skýrari hætti.

Þá er í sama ákvæði vísað til gjaldskyldra notenda með mismunandi hætti. Þannig segir m.a. í 3. málslíð að „*[g]jaldskrá skal hagað þannig að tekjur flutningsfyrirtækisins séu í samræmi við kostnað við þá þjónustu sem því er falið að veita hverjum hópi viðskiptavina*“. Þá segir í 4. málslíð að „*[v]ið ákvörðun gjaldskrárþátta skal horft til þess hvaða áhrif fjárfestingar sem nýttar eru í þágu tiltekinna hópa viðskiptavina hafa á fjárhæð tekjumark og skal gjaldskrá vera í samræmi þau áhrif*“.

SI telja ekki að fullu ljóst hvort þessir málslíðir kunni eftir atvikum að fela í sér einhvers konar mismunum innbyrðis milli notenda þjónustu Landsnets og þá með hvaða hætti unnt er að réttlæta slíka mismunun. SI kalla því eftir nánari skýringum hvað þetta varðar.

Í öðru lagi vísa SI til **a-liðs 17. gr.** í fyrirbyggjandi drögum þar sem lagt er til nýtt ákvæði, þ.e. 6. gr. a., við lög um Umhverfis- og Orkustofnun, nr. 110/2024, og viðkemur birtingu stjórnvaldsákvæðana. Er þar kveðið á um að nægjanlegt er að stjórnvaldsákvæðanir Umhverfis- og orkustofnunar, sem stofnuninni ber að birta opinberlega, skuli birtar á vef hennar. Í athugasemdum við ákvæðið segir m.a. að breytingin feli í sér þá sérreglu um að birting leyfisákvæðana og annarra áþekkra ákvæðana á vef stofnunarinnar teljist opinber birting. Þá segir að Úrskurðanefnd umhverfis- og auðlindamála hefur byggt á því að í opinberri birtingu, þar sem hún er skyld samkvæmt viðkomandi regluverki, felist birting í Stjórnartíðindum. Að mati frumvarpshöfunda verður að telja að unnt sé að ná markmiðum um tryggt aðgengi almennings að upplýsingum um gildistöku starfsleyfa með birtingu á vefsíðu Umhverfis- og orkustofnunar þar sem almenningur mun auðveldlega geta nálgast þær upplýsingar.

Í ljósi mikilvægis þess að birta ákvæðanir opinberlega, sem og ábendinga Úrskurðanefndar umhverfis- og auðlindamála, að teknu tilliti til grundvallarreglu um birtingu stjórnvaldsákvæðana sbr. 20. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, telja SI mikilvægt að útfærsla þessa ákvæðis sem og framkvæmd þess verði skýrð nánar. SI benda á að sé ætlunin að víkja frá meginreglum um birtingu þurfi að liggja fyrir skýrt verklag hvernig staðið verði að slíkri birtingu, s.s. hvar á heimasíðu stofnunarinnar og aðgengileiki að að þeim birtingum, mögulegum tilkynningum til hagaðila o.s.frv. Að óbreyttu liggja ekki fyrir



frekari upplýsingar um þá framkvæmd og gjalda samtökin þess varhug að heimilað sé slík undantekning án nánari fyrirmæla um birtingu.

Því næst vísa SI til **c-liðs 17. gr.** þar sem lagt er til sérákvæði, þ.e. 6. gr. c. laga um Umhverfis- og orkustofnun, um flýtimeðferð framkvæmda í þágu orkuskipta og kolefnishlutleysis. Nánar tiltekið er Umhverfis- og orkustofnun, við afgreiðslu umsóknar um leyfisskylda framkvæmd, heimilt, að fenginni rökstuddri beiðni umsækjanda, að samþykkja flýtimeðferð umsóknar þegar tilgangur framkvæmdar þjónar markmiðum stjórnvalda um orkuskipti og/eða kolefnishlutleysi.

SI gera almennt ekki athugasemdir við það að stjórnvöld hvetji til orkuskipta eða umbreytinga til að ná kolefnishlutleysi og að staðið verði við skuldbindingar stjórnvalda þar að lútandi á beinni ábyrgð ríkisins að öðru leyti. Þannig tala SI almennt fyrir grænum lausnum og aðgerðum til að ívilna orkuskiptum og umhverfisvænum breytingum hjá jafnt heimilum og atvinnulífi. Hins vegar gjalda SI þess varhug að í lögum sé kveðið á um mat stjórnvalda, í þessu tilviki Umhverfis- og orkustofnun, til ákvarða um forgang að þeim takmörkuðu gæðum sem leyfi til hagnýtingar á auðlindum sannarlega er, líkt og lagt er til í tilvísuðu ákvæði.

Að sama skapi kann það að orka tvímælis ef sett eru lagaboð um hverjum megi selja orku umfram aðra enda ljóst að með framangreindu orðalagi er tiltekin nýting skilyrði fyrir því hagræði sem þar er lagt til að lögbinda. Þá er vafi um hvort almenn tilvísun til orkuskipta og kolefnishlutleysis sé nægilega skýrt til að unnt sé að beita þeim ákvæðum á grundvelli almennra lögskýringarsjónarmiða. SI skora því á ráðuneytið að taka til skoðunar hvort umrædd tillaga að miðstýringu er viðkemur raforkuviðskiptum fáið staðist, s.s. er viðkemur uppruna orku og/eða EES skuldbindingum ríkisins á vettvangi raforkumála.

Í greinagerð með frumvarpsdrögunum kemur fram að drögin fela í sér fyrsta áfanga nauðsynlegra lagabreytinga sem nauðsynlegar eru til þess að úrbætur á leyfisveitingaferlum raungerist. Áfram verði unnið að frekari breytingum í átt til einföldunar og frekari innleiðingar hugmyndafræði um einn viðkomustað. Þá er þörf á greiningu og nánari útfærslu ýmissa atriða sem varða kæruleiðir. Í ljósi þessa óska SI eftir að koma á framfæri frekari ábendingum um þau atriði sem samtökin sakna að sjá ekki í fyrirbyggjandi drögum.

III. Ábendingar SI í skýrslum og umsögnum

Fyrir það fyrsta benda SI á að samtökin hafa um langa tíð talað fyrir aukinni skilvirkni er viðkemur stjórnsýslu og regluverki á sviði orku- og umhverfismála. Má í því samhengi benda á [skýrslu](#) SI um hinn íslenska raforkumarkað, frá árinu 2019, þar sem fram kemur að stefna SI á sviði raforkumála sé m.a. að regluverk sé skýrt og eftirlit með íslenskum raforkumarkaði sé virkt og skilvirkt en ekki íþyngjandi. Þá er í skýrslunni ítrekað mikilvægi þess að bæta þarf vinnu við undirbúning framkvæmda sem ætti að gera alla málsmeðferð hraðari og skilvirkari, þ.m.t. að finna skýrara ferli og einfaldara lagaumhverfi.



Hafa SI verið gagnrýnin á stjórnsýslu orkumála er viðkemur málsmeðferð og afgreiðslu mála og telja samtökin verulegra úrbóta þörf þar á til að tryggja m.a. fullnægjandi framboð og flutning á raforku hér á landi. Vísast hér m.a. til athugasemda í [umsögn](#) SI um frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum (raforkuöryggi of.l.), 348. mál á 154. löggjafarþingi. Í umræddri umsögn er m.a. vísað til gagnrýni sem upp hefur komið vegna dráttar Orkustofnunar á útgáfu virkjunarleyfa, nú síðast vegna Hvammsvirkjunar þar sem ekki var eingöngu um að ræða verulegan drátt á útgáfu þess leyfis sem síðar var úrskurðað ógilt vegna yfirsjónar stofnunarinnar með tilteknum þáttum þess.^{1 2 3 4 5} Þá er í umsögninni, og fylgiskjöllum við hana, einnig ítrekuð sú óvissa sem staðið hefur um hvaða orkukosti heimilt er að nýta til frekari öflunar á raforku vegna þess dráttar sem varð á samþykkt rammaáætlunar. Þá eru þess dæmi að leyfisveitingar vegna nýframkvæmda jafnt virkjana sem og framkvæmda í flutningskerfinu hafa tafist verulega sem hefur í för með sér aðför að orkuöryggi sem og framboði raforku með tilheyrandi óhagræði og kostnaðarauka fyrir t.d. neytendur.

Þá er í [skýrslu](#) SI um stöðugt, hagkvæmt og skilvirkt starfsumhverfi, frá árinu 2022, áhersla lögð m.a. á skilvirkni og einföldun er viðkemur þeim áherslum sem til skoðunar eru í máli þessu. Þar er m.a. til umfjöllunar samspil regluverks og árangurs í umhverfis- og loftslagsmálum. Þar segir t.a.m. að starfsumhverfi fyrirtækja mun ráða miklu um það hvort markmið stjórnvalda náist en það þarf fjárfestingar og nýjar lausnir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Með stöðugu, hagkvæmu og skilvirku starfsumhverfi er líklegra að markmiðin náist. Skilvirkt starfsumhverfi, sér í lagi þar sem hindrunum er rutt úr vegi mun þurfa til að ná settum markmiðum á þessu sviði. Stjórnvöld geta þannig haft mikil áhrif á þróunina.

Í umræddri skýrslu er dregin fram sú staðreynd að Ísland mælist eftirbátur hinna Norðurlandanna þegar kemur að því að skapa skilvirkt starfsumhverfi samkvæmt alþjóðlegum úttektum um skilvirkni reglusetningar. Þó stjórnvöld hafi gefið fögur fyrirheit um einföldun þá er víða pottur brotinn. Draga þarf úr íþyngjandi kröfum, auka skilvirkni við framkvæmd eftirlits og bæta samhæfingu milli eftirlitsstofnana. Slíkar breytingar munu auka samkeppnishæfni og greiða fyrir aukinni verðmætasköpun í þágu íslensks samfélags.

Eins og fram kemur á bls. 41 í skýrslunni eru mikil tækifæri fólgin í bættum verkferlum við setningu nýrra reglna og ætti íþyngjandi ákvæði ávallt að sæta sérstakri skoðun. Stjórnvöld hafa sett reglur um undirbúning og frágang lagafrumvarpa og tillagna. Þar er ítarlega fjallað um málsmeðferð og meðal annars gert ráð fyrir mati á áhrifum og samráði við þá sem reglurnar hafa áhrif á. Einnig er í lögum ákvæði um setningu opinberra

¹ <https://www.vb.is/skodun/kostnadarsamar-tafir/>

² <https://www.ruv.is/frettir/innlent/2022-11-30-hvammsvirkjun-thokast-naer-med-leyfi-orkustofnunar>

³ <https://www.mbl.is/frettir/innlent/2022/06/19/tok-heilt-ar-ad-fara-yfir-umsokn-um-leyfi/>

⁴ <https://www.globenewswire.com/news-release/2011/09/15/230172/0/is/FR%C3%89TTATILKYNNING.html>

⁵ <https://uua.is/urleits/3-2023-hvammsvirkjun/>



eftirlitsreglna þar sem sérstaklega er tekið fram að meta eigi „þörf fyrir eftirlit, gildi þess og kostnað þjóðfélagsins af því.“ Eitt af þeim atriðum sem ákvæðið tilgreinir að gæti þurft að leggja mat á er kostnaður opinberra aðila, fyrirtækja og einstaklinga og mat á því hvort ná megi sama árangri með hagkvæmari aðferðum. Þrátt fyrir þessi ákvæði er hagsmunamat mjög takmarkað í framkvæmd og virðist helst ná til fjárhagsáhrifa á ríkissjóð og kynjajafnréttis. Að þessu leyti erum við eftirbátur annarra þjóða innan OECD. Samkvæmt skýrslu OECD frá árinu 2021 er hagsmunamat bæði á lögum og reglugerðum vel undir meðaltali OECD ríkjanna, þá sér í lagi við setningu reglugerða. Víðtækara mat á áhrifum frumvarpa og reglugerðardraga á atvinnulífið og aðra hagaðila er til þess fallið að bæta lagasetningu héraðs, stuðla að jákvæðri þróun regluverks og bæta samkeppnisstöðu íslenskra iðnfyrirtækja. Innleiða þarf raunverulegt hagsmunamat á framlögðum frumvörpum og reglugerðardrögum þar sem metin eru áhrif þeirra á fyrirtæki og samfélagið í heild.

IV. Skýrsla VSÓ um málsmeðferð við leyfisveitingar og mat á umhverfisáhrifum

Þá vekja SI sérstaka athygli á [skýrslu](#) sem VSÓ ráðgjöf vann fyrir SI, Samorku, Samtök atvinnulífsins um málsmeðferð við leyfisveitingar og mat á umhverfisáhrifum. Markmið með þeirri skýrslu var að gera tillögur um einföldun ferla við undirbúning framkvæmda, þ.e. skipulagsmál, mat á umhverfisáhrifum og leyfisveitingar. Lykilorðin við þá vinnu voru einföldun ferla, gagnsæi og aukin skilvirkni án þess að ganga á rétt almenninga um aðkomu eða tilgang þeirra laga sem gilda um þessi viðfangsefni. Í verkefninu var skoðað hvernig megi ná markmiði um einföldun á ferli við málsmeðferð og leyfisveitingar á grunni one-stop-shop hugmyndafræðinnar með vefgátt; eitt ferli og einn afgreiðslustaður. Einnig var skoðað hvort stytta megi tíma sem málsmeðferðir taka með því að breyta ferlum.

Helstu niðurstöður skýrslunnar voru á þá vegu að mikil tækifæri liggja í rafrænni þjónustu í opinberri stjórnsýslu sem getur einfaldað samskipti og stýtt afgreiðslutíma og þannig sparað bæði tíma og fjármuni. Sérstaklega má ná fram hagræðingu með rafrænum gáttum fyrir flókna stjórnsýsluferla þar sem margir aðilar koma að og ýmis gögn eru lögð fram.

Þá er þar lagt til að horfa ætti til þess að færa tengdar málsmeðferðir og þjónustu í eina gátt. Oft er það þannig að ein málsmeðferð er gerð í samfloti við aðrar, t.d. eru skipulagsgerð og mat á umhverfisáhrifum gjarnan undanfari leyfisveitingar fyrir framkvæmdir. Talsvert er um tvíverknað og sömu aðilar koma margoft að sama málinu. Ný málsmeðferð hefst hjá hverri stofnun í hvert skipti og það er byrjað upp á nýtt. Ef stofnanir setja upp hver fyrir sig, aðskildar rafrænar gáttir er aðeins hluti kosta rafrænnar þjónustu nýttur.

Þar segir einnig að með því að samþætta rafræna þjónustu nokkurra málsmeðferða má bæta aðgengi að gögnum og rekjanleika og spara tíma og kostnað. Ekkert er því til fyrirstöðu að ólíkar stofnanir vinni í gegnum sömu rafrænu gátt og að fleiri en einn lagabálkur sé þar undir.

Þá er í skýrslunni dregið fram að leyfisveitingar framkvæmda sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum kalla á nokkrar málsmeðferðir hjá bæði stofnunum og



sveitarfélögum. Greining á ferlinu, á þeim tíma sem skýrslan var unnin, sýnir að sömu gögn eru lögð fram ítrekað. Umsagnar- og kynningarferli taka mikinn tíma. Sem dæmi eru mál sem fara 17 sinnum í umsagnarferli til 12 stofnana sem hver um sig fær málið allt að 10 sinnum inn á borð til sín. Vissulega eru breytingar eftir því sem málum vindur fram en í grunninn er málið hið sama og umsagnir keimlíkar í gegnum ferlið. Í samanburði við nágrannalönd er ferlið á Íslandi flóknara, fleiri skýrslur eru gefnar út með tilheyrandi umsagnarferli og auk þess eru fleiri kæruleiðir.

Loks eru í skýrslunni lagðar fram tillögur að einföldun ferla við leyfisveitingar og mat á umhverfisáhrifum og vísa SI almennt til fyrirliggjandi skýrslu hvað þær tillögur varða. Að mati SI eiga þær tillögur að fullu við í þeirri vinnu sem boðuð hefur verið sem og við fyrirliggjandi frumvarpsdrög.

V. Leiðbeiningaskylda stjórnvalda

Þá eru þess dæmi að aðildarfyrirtæki hafi leitað til samtakanna vegna samskipta við opinberar stofnanir og má ráða af þeim samskiptum að víða kunni pottur að vera brotinn er viðkemur m.a. leiðbeiningaskyldu stjórnvalda, sbr. 7. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Hafa aðildarfyrirtæki SI einnig lagt áherslu á þessu tengt að úrbóta er þörf er viðkemur breytingum á stjórnsýsluframkvæmd og/eða regluverki á starfssviði viðkomandi stofnana.

Ítreka SI í þessu samhengi að það leiðir af gildisviði stjórnsýslulaga, eins og það er afmarkað í 2. mgr. 1. gr. laganna, að leiðbeiningarskylda hvílir á stjórnvöldum um mál er snerta starfssvið þess þegar til greina kemur að taka stjórnvaldsákvörðun. Ekki má þó gagnálykta frá 7. gr. stjórnsýslulaga á þá lund að stjórnvöld þurfi ekki að leiðbeina almenningi í öðrum tilvikum þar sem á stjórnvöldum hvílir í mörgum tilvikum leiðbeiningarskylda á grundvelli annarra réttarheimilda. Að auki telst það til vandaðra stjórnsýsluhátta að veita borgurunum leiðbeiningar um málefni er falla innan starfssviðs stjórnvalds. Sú skylda hvílir einnig á stjórnvöldum samkvæmt ákvæðum sérlaga um þau að þeim beri að kynna almennt starfsemi sína fyrir almenningi. Má þá telja að útgáfa kynningarefnis eða opnir kynningarfundir fullnægi þeirri skyldu stjórnvalda hverju sinni. Er hér þá um að ræða skylda til kynningar á starfsemi sinni sem ekki má rekja til leiðbeiningarreglu stjórnsýslulaga.

Í leiðbeiningarskyldu stjórnsýslulaga felst ekki aðeins skylda til að svara fyrirspurnum aðila heldur einnig skylda fyrir stjórnvöld til þess að leiðbeina aðilum að eigin frumkvæði. Í þeim tilvikum þar sem stjórnvaldi má vera ljóst að aðili hefur missskilið réttarreglur, ekki skilað inn nauðsynlegum gögnum, ekki veitt nægjanlega ítarlegar upplýsingar eða hefur að öðru leyti bersýnilega þörf fyrir leiðbeiningar ber að gera aðila viðvart og veita honum viðeigandi leiðbeiningar. Sem dæmi má nefna að á leyfisveitendum, s.s. Orkustofnun og Umhverfisstofnun, hvílir sú skylda að leiðbeina umsækjendum um leyfi um ágalla á umsókn og hvað megi betur fara jafnframt sem sú skylda hvílir á stofnuninni að veita upplýsingar sem að notum geta komið vegna fyrirhugaðrar umsóknar. Í ákvæðinu felst einnig skylda til þess að aðstoða málsaðila, t.d. við að fylla út eyðublöð. Af þessu má ráða að fyrir starfsfólk umræddra stofnana geti einnig falist í þessu skylda til að leiðbeina



aðilum um að fylla út umsókn um einstök leyfi sem og að veita aðstoð með það að leiðarljósi að tryggja að slíkar umsóknir mæti þeim kröfum sem lög og reglugerðir, sem og leiðbeiningar og óskir þeirra stofnana, gera til slíkra umsókna.

Það er eðli stjórnsýsluframkvæmdar að hún kann að taka breytingum, s.s. þegar venjubundinni stjórnsýsluframkvæmd hnekkir með dómi eða sökum breytinga á regluverki. Í þeim tilvikum verður að telja að stofnununum beri að kynna breytingar fyrirfram þannig að þeir aðilar sem málið snertir geti brugðist við og gætt hagsmuna sinna. Þar sem slíkar leiðbeiningar og kynning varða ekki tiltekin stjórnsýslumál byggir leiðbeiningarskyldan í slíkum tilvikum ekki á 7. gr. stjórnsýslulaga. Þess í stað væru slíkar leiðbeiningar í samræmi við vandaða stjórnsýsluhætti.

VI. Annað

SI harma að í fyrirliggjandi frumvarpsdrögum er ekki gengið lengra í aðgerðum eða tillögum til einföldunar á því regluverki sem hér um ræðir. Í því samhengi benda SI á að samtökin hafa í samskiptum við fulltrúa umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti, sem og ráðgjafa á vegum þess, talað nánari útfærslum á núgildandi regluverki er viðkemur t.a.m. svokölluðum glatvarma, sbr. 18. gr. b. raforkulaga, nr. 65/2003. Er í umræddu ákvæði vísað til heimildar ráðherra til að setja nánari skilyrði í reglugerð, sem enn hefur þó ekki verið gert, en þrátt fyrir slíka reglugerðarheimild telja samtökin mikilvægt, að teknu tilliti til skýr- og fyrirsjáanleika, að frekari umgjörð um slíka framkvæmd sé útfærð í lögum, sbr. ákvæði um raforkuvinnslu í II. kafla laganna.

Þessu tengt er mikilvægt að taka til skoðunar að aðlaga önnur ákvæði raforkulaga að orkuendurnýtingu, s.s. glatvarma, t.a.m. er viðkemur tengingu við sérleyfisskylda starfsemi og gjalddöku vegna slíkrar tengingar.

Þá hvetja SI ráðuneytið að taka einnig til skoðunar hvernig unnt er að aðlaga lagaumgjörð að þeim tilvikum þar sem t.a.m. aðilar hafa vilja til að reisa vindmyllur, s.s. á þegar röskuðum svæðum líkt og í og við athafnasvæði þeirra, hvort sem um er að ræða raforkuframleiðslu í eigin þágu eða inn á raforkumarkað.

Samandregið styðja SI fyrirliggjandi drög að frumvarpi. SI vísa þó til framangreindra ábendinga en gera ekki frekari athugasemdir við málið að svo stöddu. Er framangreindum ábendingum hér með komið á framfæri við umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti.

Virðingarfyllt,
f.h. Samtaka iðnaðarins,

Lárus M. K. Ólafsson,
sérfræðingur á sviði umhverfis- og orkumála